

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Grundarfjarðar, Eyrarsveit (iðnaðar- og athafnasvæði).

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 16. júlí 1999 staðfest breytingu á aðalskipulagi Grundarfjarðar 1984-2004, Eyrarsveit.

Um er að ræða breytta landnotkun á svæði vestan Kvernár og ofan Snæfellsvegar. Niður fellur stór hluti svæðis til íbúðarbyggðar eftir skipulagstímabil auk sparkvallar og leikvallar. Fjórir hektarar af svæðinu verða iðnaðar- og athafnasvæði en hinn hlutinn óbyggt svæði. Einnig fellur niður fyrirhuguð framtíðarveg tenging inn í bæinn.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Eyrarsveitar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfisstjórnuneytinu, 16. júlí 1999.

Siv Friðleifsdóttir.

Ingimar Sigurðsson.

Nr. 502

21. júlí 1999

GJALDSKRÁ

fyrir þjónustu Ríkiskaupa.

(verð án virðisaukaskatts)

1. gr.

Útboðsþjónusta.

Lágmarksgjald fyrir útboð	kr.	80.000
Innifalið: Minniháttar útboðslýsing og tilboðsblað (verklýsing aðsend)		
Gerð auglýsingar vegna samauglýsingar		
Sala og kynning útboðsgagna		
Meðhöndlun fyrirspurna (minniháttar)		
Móttaka tilboða		
Opnun tilboða		
Mat tilboða		
Frágangur pöntunar og/eða samnings		
Gjald fyrir stærri verkefni er innheimt samkvæmt tímaskráningu starfsmanna miðað við eftirfarandi tímagjald:		
Útboðsfulltrúi	kr./klst.	2.500
Verkefnastjóri		3.800
Deildarstjóri		4.500
	kr.	
Gjald fyrir gerð fyrirspurnar (í útboðsformi).....		30.000
Gjald fyrir gerð verðkönnunar (án útboðs)		15.000
Auglýsingakostnaður vegna sérauglýsinga er ekki innifalinn í grunngjaldi og greiðist hann sérstaklega samkvæmt reikningi.		